

Íslenskur iðnaður

5/6. tölublað 20. árg.

Júní 2014

Samtök iðnaðarins



NÝSKÖPUNARTORG
23-24 maí 2014



Vel tókst til á Nýsköpunartorgi sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík dagana 23. og 24. maí. Um var að ræða fagráðstefnu um starfsumhverfi og uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja og sýningu þar sem fyrirtæki og stofnanir kynntu árangur sinn. Nýsköpunartorgið var haldið í tengslum við 20 ára afmæli Samtaka iðnaðarins og 10 ára afmæli Tækniþróunarsjóðs.

Ráðstefnan hófst setningu Sigmundar

Davíðs Gunnlaugssonar, forsætisráðherra. Haldnar voru sex málstofur í sex stofum. Annars vegar þrjár línur um uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja þar sem fyrirtækjum er skipt í deildir eftir þroskastigi og hins vegar málstofur um tengda stoðþjónustu s.s. höfundarétt, einkaleyfi og staðla. Ráðstefnugestir gátu valið þá fyrirlestra sem mestan áhuga vöktu. Á laugardegi var öllum sem áhuga hafa á nýsköpun og tækni

boðið á Nýsköpunartorgið. Um 90 nýsköpunarfyrirtæki og stofnanir kynntu vörur og þjónustu en að auki var boðið upp margvíslegar uppákomur fyrir alla fjölskylduna, m.a. kynningar fyrirtækja um tækifærin í tækni, Mindstorm Lego, Spilavini og kynningar á nýjum tölvuleikjum svo eitthvað sé nefnt.

Hreint ævintýri var að ganga hringinn og kynnast öllum þeim sextíu fyrirtækjum sem þar kynntu sig.



Sigmundur Davíð kynnr sér nýjungar tæknifyrirtækja. Hjá fyrirtækinu Zymetech er húðin mæld og greind með tilliti til aldurs og rakastigs

bls. 2

Leiðari

Krafan um samkeppnishæft fjármögnunarmhverfi



bls. 3

Vaxtar-
sprotinn
2014



bls. 5

Stjórn SI
fundar á
Austurlandi



bls. 6

Gæða-
vottun SI



bls. 7

Samark
gengur til
liðs við SI



Krafan um samkeppnishæft fjármögnunarumhverfi

Í byrjun árs ákváðum við hjá Samtökum iðnaðarinnar að efna til Nýsköpunartorgs í víðtæku samstarfi sem frá er sagt hér í blaðinu, bæði til að fagna 20 ára afmæli SI og blása til nýrrar sóknar gegn flutningi fólks og fyrirtækja í nýsköpun frá Íslandi. Höftin hafa hrikaleg áhrif á nýsköpunarfyrirtækin sem færa óðum höfuðstöðvar sínar úr landi og fjármögnunarumhverfið í landinu er í heild ófullkomið og bjagað. Hér er því þjóðþrifa- verk að vinna.

Daginn áður en torgið var opnað var tilkynnt sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að efla Tækniþróunarsjóð og beita skattalegum hvötum í nýsköpun. Við fögnuðum mjög þessum fréttum.

Fyrst eftir hrúnið ríkti sterkur nýsköpunarvilji í landinu og frásagnir af endurreisn Finnlands á tíunda áratugnum endurómuðu vítt og breitt um landið. Svo tóku aðrir og gagnsminni straumar yfir og finnsk nýsköpunarleið var aldrei valin. Þó varð þessi kvika til þess að upp spruttu merkileg nýmæli sem leitt geta til framfara í nýsköpunarumhverfinu hér á landi. Frumkvöðlasetur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands greiddu götu fjölda fólks til nýrra tækifæra. Reynslan af

þeim sýnir líka hvernig raunverulegur árangur getur náðst í nýsköpun atvinnulífs á landsbyggðinni. Of oft hefur nýsköpunarhugtakinu verið misboðið með því að nota það um styrkfreka stöðunarstarfsemi í algjöru sambandsleysi við þarfir viðskiptavina eða markaði. Slíkt hjálpar engum - allra síst byggð í landinu þótt kallað sé byggðastefna. Helga Valfells, forstjóri Nýsköpunarsjóðs, hefur verið óþreytandi talskona nýsköpunar sem arðbærrar fjárfestingar og við eigum að gera þá undantekningarlausu kröfu að þannig sé öll nýsköpunarstefna hugsuð.

Iðnaðurinn á að hafa skoðun

Þegar Iðnlánasjóður rann inn í Fjárfestingabanka atvinnulífsins var ákveðið að setja á stofn Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins - NSA. Nýsköpunarsjóður hefur náð markverðum árangri á síðustu árum og tók nú á vormánuðum forystu í að koma á stefnumóti Íslenskra lífeyrissjóða við sérfræðinga í norrænum systurstofnunum sem mikla reynslu hafa af arðsamri fjárfestingu í nýsköpun.

Iðnaðarbanki og Iðnlánasjóður urðu ekki til að ástæðulausu á sínum tíma. Í hátt í hundrað heimsóknum mínum til aðildarfyrirtækja víða á landinu sl. hálf ári hef ég fræðst mikið um samskipti iðnfyrirtækja og banka á ólíkum tímum Íslandssögunnar og skal viðurkenna að ég er forvitin og spyr margs. Reynt forystufólk man oft tímana þrenna eða ferna og allir eiga sögur af úrslitastundum í rekstrinum, ýmist í sókn eða úr vörn, þar sem sköpun skipti hvernig samskiptin við banka fóru fram.

Iðnaðurinn á að hafa skoðun á því hvers konar bankakerfi og bankaþjónusta stendur eftir á Íslandi þegar allt ryk hrunsins hefur sest. Tilgangur banka er að þjóna samfélögunum sem veita þeim sérréttindastöðu með lögum. Griðarleg skuldabyrði Íslenskra fyrirtækja og fjármagnshöftin sköpuðu saman lamandi aðstæður. Sem betur fer hefur skuldastaðan batnað mikið og fleiri hafa nú svigrúm til fjárfestingar sem oftar en ekki var löngu tímabær til endurnýjunar og nauðsynlegs viðhalds. Á það verður aldrei of oft minnt að nýsköpun er ekki síst mikilvæg í grónum fyrirtækjum. Allt frá fyrra bankahrúni hér á landi árið 1930, þegar tekist var á um stofnun nýs



Krístrún Heimisdóttir
framkvæmdastjóri SI

Útvegsbanka úr rústum hins fallna Íslandsbanka, hefur nauðsyn þess að fjármagnið þjóni nýsköpun atvinnuveganna skipt máli hérlendis - enda á svo að vera. Sérstakur útvegsbanki var stofnaður árið 1930 til að styðja nútímavæðingu sjávarútvegs í landi sem öldum saman hafði húkt inni við strönd og engin efni átt til smíði stórra skipa. Nú er ein stærsta áskorun Íslendinga að auka verðmætasköpun með bættri framleiðni. Nýsköpun er þar lykilaatriði og fjármögnunarumhverfið verður að vera samfellt þannig að leiðir séu til fyrir íslensk fyrirtæki á öllum stigum frá stofnun til alþjóðlegs vaxtar. Á þetta skortir nú.

Við fögnum skilningi og frumkvæði sem komið hefur bæði frá Arionbanka og Landsbanka sem sýna vilja til að bæta þjónustu við uppbyggingu tækni- og hugverkaiðnaðar og nýsköpun almennt. Við fögnum líka samvinnu og frumkvæði Kauphallarinnar sem tekið hefur þessi mál á dagskrá sína. Einstakir frumkvöðlar vinna líka stórmerkilegt starf fyrir heildarumhverfið.

Sífelld fleiri gera sér grein fyrir úrslitáhrifum framsækings nýsköpunarvilja fyrir þjóðina og krafan um samkeppnishæft fjármögnunarumhverfi mun heyrast hátt og skýrt á næstu misserum. Þar ætlum við hjá SI að leggja okkar af mörkum.



Vaxtar- sprotinn 2014

Datamarket hlaut Vaxtarsprotann 2014 sem er viðurkenning fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækisins á síðastliðnu ári. Fyrirtækin Valka, Nox Medical og Skema fengu einnig viðurkenningar fyrir góðan vöxt. Viðurkenningar voru veittar við hátíðlega athöfn á Nýsköpunartorgi sem fram fór í Háskólanum í Reykjavík. Vilborg Einarsdóttir stjórnarmaður hjá Samtökum iðnaðarins og Tækniþróunarsjóði afhenti fulltrúum fyrirtækjanna viðurkenningar.

Samtök iðnaðarins veita einnig sérstaka viðurkenningu til sprotafyrirtækja sem velta í fyrsta sinn meira en einum milljarði króna. Fyrirtækið Nox Medical náði þeim áfanga á síðasta ári og var því brautskráð í úrvalsdeild. Áður hafa CCP, Betware, Nimblegen og NaustMarine hlotið þessa viðurkenningu.

Verðlaunagripur Vaxtarsprotans er farandgripur úr áli og steini gefinn af SI en auk hans fylgir skjöldur úr sömu efnum til eignar. Fyrirtækin fjögur sem hlutu viðurkenningar fengu auk þess sérstök viðurkenningarskjöl.

Að Vaxtarsprotanum standa Samtök iðnaðarins, Rannsóknamiðstöð Íslands og Háskólinn í Reykjavík. Tilgangurinn er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja.



verknám.is

Vinnustaðanám – verknám.is

Samtök iðnaðarins hvetja meistara og fyrirtæki til að taka að sér iðnnema í auknum mæli. Vefsíðan verknám.is er vettvangur fyrir fyrirtæki og meistara sem vilja auglýsa eftir nemum og nemar geta einnig nýtt sér síðuna til að komast í nám hjá meistara.

Í ljósi þeirrar skuldbindingar, sem felst í að ráða iðnnema til starfa, benda SI sérstaklega á að hægt er að gera tímabundna nemasamninga en þá er iðnneminn einungis ráðinn í tiltekið verkefni. Skuldbinding meistarans og fyrirtækisins gildir þá ekki lengur en þann tíma sem verkið tekur. Þetta getur lágmarkað áhættu verulega þegar verkefnastaða er óviss, skapað aukið svigrúm fyrir fyrirtækin en fjölgar um leið vinnustaðanámssrýmum til hagsbóta fyrir nemendur.

Bregðast þarf við takmarkaðri nýliðun í mörgum greinum og fyrirsjáanlegri viðbótarpörf í náninni framtíð vegna aukinna umsvifa og starfsloka stórra hópa. SI hvetja því meistara og fyrirtæki eindregið til að gera átak í að bjóða iðnnemum vinnustaðanámssamninga í vaxandi mæli og taka þannig þátt í að tryggja vinnukraft til frambúðar.

Kaffitár hlýtur kuðunginn

Umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, veitti Kaffitári Kuðunginn, umhverfisviðurkenningu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, fyrir framúrskarandi starf að umhverfismálum á síðasta ári.



Kaffitár hlýtur Kuðunginn fyrir öflugt umhverfisstarf fyrirtækisins allt frá stofnun þess árið 1990. Segir meðal annars í rökstuðningi valnefndar að eigendur þess hafi verið brautryðjendur varðandi mengunarvarnir í framleiðslu og umhverfisvottun kaffihúsa auk þess sem þau hafa lagt áherslu á að kaupa hráefni „án krókkaleiða“ beint frá þeim bændum sem rækta það. Kaffihús Kaffitárs hafi verið þau fyrstu hér á landi til að fá vottun umhverfismerkisins Svansins árið 2010 og sem ein vinsælasta kaffihúsakeðja landsins hafi fyrirtækið þannig orðið öflugur boðberi umhverfisvænna hátta meðal almennings. Hugað sé að umhverfismálum allt frá hinu smæsta til hins stærsta, hvort sem um sé að ræða borðtuskur sem notaðar séu á kaffihúsunum eða mengunarvörnum kaffibrennslunnar.

Verðlaunagripurinn, Kuðungurinn, er að þessu sinni eftir listamanninn Bjarna Sigurðsson. Þá öðlast fyrirtækið rétt til að nýta merki verðlaunanna í kynningu á starfsemi sinni.



Nýr framkvæmdastjóri Skema

Árdís Ármannsdóttir hefur verið ráðin til að gegna stöðu framkvæmdastjóra. Hún tekur við af Þórunni Jónsdóttur sem mun flytjast til starfsstöðva móðurfyrirtækis Skema, Rekode Education í Washington fylki í Bandaríkjunum.

Skema var stofnað af Rakel Sölvadóttur árið 2011 og er leiðandi í kennslu og ráðgjöf í notkun tækni og forritunar á grunn- og framhaldsskólastigi á Íslandi.

Árdís mun stýra rekstri og áframhaldandi uppbyggingu og vexti Skema á Íslandi, en í dag starfa 6 manns auk um 20 leiðbeinenda og aðstoðarkennara hjá félaginu. Hún mun einnig leiða stækkun Skema og ReKode á Evrópumarkað.

Árdís er með mastersgráðu í stjórnun og stefnumótun frá Háskólanum í Árósum og er með áralanga reynslu í markaðssetningu og stefnumótun auk víðtækrar þekkingar á rekstrarumhverfi nýsköpunar- og samfélagsfrumkvöðlafyrirtækja.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is

Blómlegt starf fyrirtækja á Austurlandi

Stjórn Samtaka iðnaðarins gerði sér ferð á Austurland í byrjun júní, heimsótti fyrirtæki á svæðinu og ræddi við starfsfólk og stjórnendur um horfur í atvinnumálum. Mikill kraftur og bjartsýni einkennir viðmælendur að mati stjórnar. Á síðustu tíu árum hafa orðið stórkostlegar breytingar á atvinnulífinu á svæðinu en þær byggjast á iðnaði og tæknivæðingu. Þar eru fyrirtæki í fremstu röð í sinni grein sem eru uppspretta verðmætasköpunar og fjölbreytni í atvinnulífinu. Vel hefur tekist að tengja starf Verkmennaskóla Austurlands þörfum fyrirtækja á svæðinu með tilheyrandi atvinnutækifærum fyrir ungt fólk. Þetta ætti að vera öðrum landsvæðum til eftirbreytni.

Stjórn SI samþykkti í kjölfarið eftirfarandi ályktun:

„Samtök iðnaðarins telja mikil vaxtartækifæri felast í frekari uppbyggingu iðnaðar á Austurlandi. Þar felast mikil tækifæri m.a. í klasasamstarfi, nýsköpun og verðmætasköpun í tengslum við orkuiðnað og matvælavinnslu á svæðinu. Með markvissu gæðastarfi og aukinni framleiðni má enn bæta afkomu fyrirtækja og auka velmegun á svæðinu. Tenging markaðssvæða, bætтар samgöngur, menntun, tæknilegir innviðir og góð heilbrigðisþjónusta eru lykilforsendur í því sambandi. Samtök iðnaðarins bjóða liðsinni sitt til að styðja við starf fyrirtækja og uppbyggingu á svæðinu. Samtökin benda á mikilvægi þess að stjórnvöld komi einnig að þessu með því að tryggja góð almenn starfsskilyrði, örugga orkuöflun, virkan útboðsmarkað og að fram fari uppbyggileg umræða um atvinnulífið á faglegum grunni.“



Alcoa Fjarðaál



Launafl



Síldarvinnslan

Style flokkarinn



Rafeyri



Brúnás



Suðurverk

Norðfjarðargöngin



ÞS Verktakar

Gæða- vottanir SI



Vestfirskir verktakar ehf. hafa hlotið B-vottun SI. Vottunin staðfestir að reksturinn er í góðum höndum, studdur með öflugum verkþókhaldi verkfundum, ítarlegum starfslýsingum, góðri skipulags og eftirlitsáætlun, ásamt mikilli sérstöðu varðandi áherslur í öryggis- og heilbrigðismálum. Með vottuninni uppfylla þeir að öllu leyti kröfur opinberra verkaupa um gæðatryggingu í útboðum til verklegra framkvæmda.

Vestfirskir verktakar voru stofnaðir þann 8. október árið 2003 þar sem rann saman starfsemi þriggja fyrirtækja, Eiríkur og Einar Valur hf., GS trésmíði og Múrkraftur.

Eigendur fyrirtækisins eru þeir Sveinn Ingi Guðbjörnsson sem áður starfaði hjá Eiríki og Einari Val hf., Garðar Sigurgeirsson sem átti og rak GS trésmíði í Súða-

vík og Hermann Þorsteinsson sem átti og rak fyrirtækið Múrkraft á Ísafirði.

Markmið Vestfirska verktaka er að veita alhiða fyrsta flokks þjónustu á sviði nýbygginga, almenns viðhalds og endurbóta.

Alefli ehf. hefur hlotið C-vottun SI sem staðfestir að reksturinn er í góðum höndum, studdur með öflugum verkþókhaldi, góðri skipulagningu og með mikla sérstöðu varðandi áherslur í öryggis- og heilbrigðismálum.

Alefli var stofnað í febrúar árið 1993 og hefur verið rekið og í eigu sömu aðila allt frá upphafi, eða í 20 ár. Það eru húsasmíðameistararnir Arnar Guðnason og Þorsteinn Kröyer. Árið 2003 bættist Magnús Þór Magnússon, húsasmíðameistari, í hóp eigenda, en hann hafði starfað hjá fyrirtækinu um árabíl. Starfs-



menn hafa margir hverjir starfað hjá fyrirtækinu til fjölda ára. Samanlagður starfsaldur helstu stjórnenda er því mjög

hár samanborið við mörg önnur verktakafyrirtæki í byggingastarfsemi.

Alefli hefur á undanförunum árum leitast við að auka og bæta enn frekar innra gæðaeftirlit fyrirtækisins. Til að byrja með voru verkefni Aleflis af þeim toga að fyrirtækið studdist mest við utanaðkomandi þjónustu gagnvart gæðaeftirliti á verkum sínum en með auknum umsvifum og fjölbreyttari verkefnum hefur þörfin aukist á innra gæðaeftirliti og hefur fyrirtækið brugðist við því með að tileinka sér viðurkennda vinnuferla og stuðst við gæðakerfi SI.

Stjörnugarðar ehf. hefur staðist úttekt á fyrsta þrepi áfangaskiptrar gæðavottunar Samtaka iðnaðarins og hlotið D-vottun.

Stofnandi Stjörnugarða er Þórir Kr. Þórisson skrudgarðyrkjumeistari. Hjá fyrirtækinu starfa á bilinu 2-8 starfsmenn yfir árið, en flestir starfsmenn eru yfir sumarið þegar mest er að gera.

Stjörnugarðar eru vaxandi fyrirtæki sem leggur mikla áherslu á fagleg vinnubrögð og endingu verka. Meðal þess sem Stjörnugarðar sinna eru hellulagnir, hleðslur, almenn jarðvinna, snjómokstur og trjáklippingar.



Nýir félagsmenn

*Foss distillery ehf.
Grófarsmára 14
201 Kópavogi*

*Grjótgarðar ehf.
Fífumóa 6
260 Njarðvík*

*Codeiak ehf.
Efstalandi 14
108 Reykjavík*

*Maskína - rannsóknir ehf.
Laugavegi 25
101 Reykjavík*



*Félag
ráðgjafar-
verkfræðinga*

Aðalfundur FRV var haldinn 15. maí. Áður en eiginleg aðalfundarstörf hófust flutti Þórður Hilmarsson, forstöðumaður fjárfestingasviðs Íslandsstofu, áhugavert erindi þar sem fjallað var um vinnu við að laða að erlenda fjárfestingu til Íslands. Einnig fór Þórður yfir hvaða tækifæri og verkefni eru í farvatninu og hvaða breytingar þarf að gera í laga- og viðskiptaumhverfi til að auðvelda þetta starf sem er mikið hagsmunamál fyrir verkfræðiráðgjöf á Íslandi.

Tryggvi Jónsson formaður FRV flutti skýrslu stjórnar þar sem farið var

starf félagsins síðastliðið ár en það einkenndist einkum af því að árið var fyrsta heila ár félagsins innan SI. Við það hafa áherslur, áhrif og starfssemi félagsins breyst á margan hátt til hins betra.

Á fundinum voru kosnir til tveggja ára í stjórnina þeir Bjarni Gunnarsson Hnit, Arinbjörn Friðriksson Eflu og Guðjón Jónsson VSÓ. Tryggvi Jónsson formaður og Magnús Kristbergsson voru kosnir til tveggja ára í fyrra og voru því ekki í kjöri að þessu sinni. Skoðunarmaður reikninga var kjörinn Sigurgeir Þórarinnsson Mannviti.

Paramajónesið Fjaran sigrar í EcoTrophelia Ísland

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra veitti verðlaun í keppninni EcoTrophelia Ísland á Nýsköpunartorgi í Háskólanum í Reykjavík föstudaginn 23. maí.

EcoTrophelia Ísland er hluti af alþjóðlegri keppni og er vörupróunarkeppni meðal háskólanemenda sem felst í því að þróa vistvæna matvöru. Markmið keppinnar er að minnka umhverfisáhrif frá íslenskri matvælaframleiðslu með því að skapa nýjar vistvænar mat- og drykkjarvörur. Þar er m.a. um að ræða notkun vannýttra hráefna, notkun nýrra og umhverfisvænna framleiðsluaðferða, umbúða eða flutningsmáta. Að keppninni standa Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Matís og Samtök iðnaðarins í samstarfi við íslenska háskóla.

Tvö lið kepptu til úrslita í ár. Annað liðið skipa þær Brynja Einarsdóttir, Guðjóna Björk Þorbjarnardóttir og Hrefna Lind Einarsdóttir og voru þær með vöruna BEjuicy sem er frostþurrkaður grænmetisaffi á duftformi. Hitt liðið skipa Christopher Melin og Páll Arnar Hauksson með vöruna Fjöru sem er þaramajónes. Svo fór að þaramajónes var valið sigurvegari Ecotrophelia Ísland að þessu sinni.

Fjaran majónesið er skemmtileg nýjung á matvælamarkaði. Majónesið er unnið úr íslensku þangi sem er sólþurrkað á íslensku hrauni. Varan hentar grænmetisætum jafnt sem öðrum sem áhuga hafa á því að bæta hollustuefnum í mataræði sitt.



Samningar um aðild SAMARK að SI undirritaðir

Undirritaðir voru samningar um aðild Samtaka arkitektastofa, SAMARK, að Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins 30. mars. Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI, Ögmundur Skarphéðinsson formaður SAMARK og Þorsteinn Víglundsson framkvæmdastjóri SA skrifuðu undir samninga. SI fagna þessum góða liðsauka enda hafa arkitektastofur margþætta snertifleti við ýmis svið íslensks iðnaðar. Með aðildinni tekur SI að sér almenna hagsmunagæslu fyrir SAMARK og daglega umsýslu.

Aðalfundur SAMARK, var haldinn í lok

maí. Á fundinum var Helgi Már Halldórs-son kjörinn nýr formaður samtakanna en hann tekur við af Ögmundi Skarphéðins-syni. Aðrir í stjórn voru kosnir Ásdís Helga Ágústsdóttir og Þráinn Hauksson. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa kynnti Davíð Lúdvíksson, forstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar hjá SI, helstu niðurstöður stefnumótunar SAMARK sem fram fór í Kríunesi í apríl.

Aðalfundurinn var vel sóttur og ljóst af niðurstöðum stefnumótunnar að mörg brýn og spennandi verkefni bíða nýrrar stjórnar og samtakanna í heild.

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. hlýtur Hvatningarverðlaun jafnréttismála

Hvatningarverðlaun jafnréttismála voru veitt í fyrsta sinn á ráðstefnunni *Aukið jafnrétti - aukin hagsæld*. Að verðlaununum standa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, UN Women á Íslandi, Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð og Samtök atvinnulífsins.

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra afhenti verðlaunin og sagði að fyrirtækið hefði með markvissum hætti stuðlað að jafnrétti í starfsemi sinni um árabíl.

„Stjórnendur fyrirtækisins hafa með eftirtektarverðum hætti breytt menningu fyrirtækisins svo bæði kynin eiga þar nú jafna möguleika til starfsframa og þar er stuðlað að launajafnrétti,“ sagði Ragnheiður Elín. „Árangur fyrirtækisins er sérstaklega eftirtektarverður þar sem starfssvið þess var um áratugaskeið álitit starfsvettvangur karla fremur en kvenna. Forstjóri fyrirtækisins hefur, ásamt stjórnendateymi sínu, aukið



vitund í samfélaginu um kynjajafnrétti og sýnt að jafnrétti stuðlar að aukinni hagsæld.“

Rannveig Rist tók á móti verðlaununum og sagði við það tækifæri að áður fyrr hefði hún talið að jafnrétti væri svo sjálfsgætt hlutur að það hlýti smám saman að koma af sjálfu sér. Raunin væri hins vegar önnur jafnrétti kæmi ekki af sjálfu sér heldur þyrfti að koma því á með markvissum aðgerðum.



Málstofa um orkustjórnun

Á Nýsköpunartorgi var ein málstofanna helguð orkustjórnun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem Staðlaráð, SI og CleanTech Iceland stóðu fyrir.

Orkureikningurinn getur vegið þungt í heildarrekstri fyrirtækja; rafmagn, hiti og eldsneyti á vélar og farartæki. Staðlaráð hefur gefið út bækling og leiðbeiningar um innleiðingu á orkustjórnun í takt við staðalinn ÍST EN ISO 50001:2011. Þar eru einfaldar leiðbeiningar um hvernig má greina orkunotkun, mæla, skrá og skoða hvar hægt er að hagræða. Einnig er fjallað um verklag við að stýra ferlinu en það er svipað og fyrir aðra ISO

stjórnunarstaðla og því fellur orkustjórnun vel að rekstri fyrirtækja sem þegar vinna eftir t.d. gæðastjórnunarstaðli.

Nokkur fyrirtæki tóku þátt í verkefningu og kynnti Lilja Rut Traustadóttir reynslu Gæðabaksturs. Á tveggja ára tímabili minnkaði raforkunotkun um 20%, vatnsnotkun um 15% og olíunotkun um 30%. Þessi góði árangur náðist með annars vegar tæknilausnum og hins vegar breyttu verklagi.

Þá kynntu fyrirtæki hvaða lausnir eru í boði. Meðal annars kortlagningu orkunotkunar, mælingar, hússtjórnarkerfi og flotastjórnun bifreiða.



Yfir 40 fyrirtæki og stofnanir mótuðu framtíðarsýn álklassans

Samstarfsvettvangur um álklassa stóð fyrir fundinum ásamt Samtökum álframleiðenda og Samtökum iðnaðarins.

Á meðal fyrirtækja voru álfyrirtæki, endurvinnslufyrirtæki, verkfræðistofur, vélsmiðjur, málmsteypur og tæknifyrirtæki. Einnig stofnanir á borð við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Hagfræðistofnun, Hönnunarmiðstöð, Keili, Nýsköpunarmiðstöð, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Stefnan sem mótuð var á fundinum var meðal annars á ársfundi Samáls 20. maí. En þar kom fram vilji til samstarfs við háskólasamfélagið, til að stuðla að rann-

sóknum og þróun og til að leita tækifæra til frekari úrvinnslu áls hér á landi.

Einnig var lagt upp úr því að álklassinn hefði forgöngu um greiningarvinnu á sérhæfingu, þekkingu og vöruframboði sem skapast hefur hér á landi í áliðnaðinum og greiða fyrir markaðssetningu erlendis. Nú þegar selja verkfræðistofur og vélsmiðjur hér á landi vélbúnað og þekkingu til álvera um allan heim.

Fleiri fyrirtæki og stofnanir hafa lýst áhuga á að koma að samstarfsvettvanginum og er stefnt að því í framhaldinu að efna til stefnumóts þarfa og lausna í áliðnaðinum.

Forritarar framtíðarinnar hljóta styrk

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur Forriturum framtíðarinnar lið með tveggja milljóna króna styrk í gegnum GERT verkefnið. Forritarar framtíðarinnar er sjóður sem hefur það að markmiði að forritun verði kennd sem hluti af skólanámskrá grunn- og framhaldsskóla á Íslandi. Með styrkveitingunni bætist ráðuneytið í hóp hollvina sjóðsins.

Auk menntamálaráðuneytisins hafa Icelandair, Promens og Össur bæst við á hollvinalista Forritara framtíðarinnar en á honum voru fyrir CCP, RB (Reiknistofa bankanna), Nýherji, Íslandsbanki, Landsbankinn, Microsoft og Cyan veflausnir. Skema ásamt RB eru stofnaðilar sjóðsins.

Skólar og sveitarfélög geta sótt um styrki úr sjóðnum til að efla tæknikennslu og notkun tækni í skólastarfi og fá til þess þjálfun, ráðgjöf og tækjabúnað, allt eftir þörfum umsóknaraðila. Sjóðurinn úthlutar styrkjum til grunn- og framhaldsskóla tvisvar á ári. Í síðustu úthlutun sem fram fór í febrúar á þessu ári var heildarvirði styrkja á fjórðu milljón en þeir runnu til Grunnskólans á Bolungarvík, Áslandsskóla í Hafnarfirði, Brúarskóla í Reykjavík og Kópavogsskóla.

„Forritarar framtíðarinnar er gott dæmi um hvernig einkaframtakið og hið opinbera geta tekið höndum saman og sýnt frumkvæði við að efla starf grunn- og framhaldsskóla landsins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið telur mikilvægt að efla tæknimenntun í landinu og er forritun mikilvægur þáttur í því, enda er tæknimenntun mikilvægur þáttur í samkeppnishæfni þjóðarinnar til lengri tíma litið“ segir Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra.

